

Foldaskóli 2025-2026 - 10. bekkur

Kennsluáætlun – Samfélagsfræði

Kennarar:

Guðný Þorsteinsdóttir - gudny.thorsteinsdottir@reykjavik.is

Hulda María Magnúsdóttir - hulda.maria.magnusdottir@reykjavik.is

Kennarar eru 2 stundir á viku

Námsefni:

- Á ferð um samfélagið
- Kvikmynd
- Valið efni eftir því sem við á

Námsmat: Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í verkefnabók nemenda. Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta.

Gangi ykkur vel.

Athugið að áætlun getur tekið breytingum yfir veturinn

Haustönn

Hæfniviðmið – Að nemandi	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
• þekki mikilvæg hugtök sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni • fengist við samfélagsleg og siðferðisleg málefni af mismunandi sjónarhólum • vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og greint jákvæð og neikvæð áreiti	September/október <i>Á ferð um samfélagið</i> • 1. kafli Hvað er samfélag • 2. kafli Sinn er siður • 3. kafli Félagsmótun <i>Kvikmynd</i> • The Truman Show	• Glósupróf úr 1.-3. kafla • Einstaklingsverkefni unnið skriflega út frá efni kvikmyndarinnar

Birt með fyrirvara um breytingar

• borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði • fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar	Október/nóvember <i>Á ferð um samfélagið</i> • 4. kafli Menning og samfélag • 7. kafli Vinna og framleiðsla	Rökfærsluritun (einstaklingsverkefni): Nemendur vinna með að færa rök fyrir máli sínu út frá völdu efni
• útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu • fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins • borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði	Nóvember/desember • 9. kafli Trúarbrögð	Glærukynning eða stuttmynd (para-/hópverkefni): Nemendur vinna verkefni um hin ýmsu trúarbrögð

• útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur • Gerir sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á	Janúar/febrúar <i>Á ferð um samfélagið</i> • 5. kafli Fjölskyldan • 6. kafli Gaman saman	• Heimildaritgerð (einstaklingsverkefni): Nemendur skrifa heimildaritgerð um valið efni úr köflunum. Samstarfsverkefni með íslensku, hvort fag setur inn hæfniviðmið við hæfi.
---	---	--

mismunandi tímum og menningarsvæðum • aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni • útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til misunandi trúar og lífsgilda, skoðana og lífshátta		

Vorönn

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
• Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill • sinnt velferð og hag samferðafólks síns • sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga	Febrúar/mars <i>Á ferð um samfélagið</i> • 6. kafli Gaman saman	• Auglýsingaherferð (para-/hópverkefni): Nemendur vinna veggspjald og handrit að auglýsingu út frá völdu efni úr köflunum

• tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu • útskýrt einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt • ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi	Mars/apríl <i>Á ferð um samfélagið</i> • 8. kafli Stjórnsmál	• Nýr stjórnsmálaflokkur (para-/hópverkefni). Nemendur búa til nýjan stjórnsmálaflokk og heimasíðu fyrir hann
• miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt • tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu • útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur • útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi	Apríl/maí <i>Á ferð um samfélagið</i> • 10. kafli Viðmið og frávik • 11. kafli Alþjóðasamfélagið og mannréttind	• Lokaverkefni (para-/hópverkefni): Nemendur búa til nýtt þjóðfélag og skila kynningu í formi stuttmyndar, glærukynningar, bæklinga, vefsíðu og/eða útvarpsþáttar